

GJALDSKRÁ

vatnsveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Vatnsgjald.

Almennt vatnsgjald skal vera 0,27% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjalddagar almenss vatnsgjalds eru þeir sömu og sveitarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarféluginu.

2. gr.

Aukavatnsgjald.

Aukavatnsgjald til stórnotenda er 15 kr./m³.

3. gr.

Heimæðagjald vatnsveitu.

Notendur greiða heimæðagjöld sem miðast við að idráttarrör fyrir heimæðar hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar að inntaksstað við mannvirknið og að lega og frágangur idráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitunni.

<i>Pvermál inntaks</i>	<i>Heimæðagjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm eða minna	125.000 kr.	3.000 kr./m
40 mm	175.000 kr.	4.000 kr./m
50 mm	250.000 kr.	6.000 kr./m
63 mm	500.000 kr.	7.000 kr./m
75 mm	750.000 kr.	8.000 kr./m

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök eru reiknuð sérstaklega hjá tæknideild. Viðbótarkostn-aður/yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 m á lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæða-gjald skal greitt þegar lokið hefur verið við tengingu vatnsveitunnar við viðkomandi mannvirkni. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísiölu. Ofangreint verð tekur mið af vísiölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. nóvember 2018 og var 141 stig.

4. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæða-gjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Húnaþings vestra er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu Húnaþingi vestra nr. 1101/2018.

Hvammstangi, 14. nóvember 2019.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.